

Íbúaráð Kjalarness

Ár 2024, fimmtudagurinn, 11. apríl, var haldinn 47. fundur íbúaráðs Kjalarness. Fundurinn var haldinn í Klébergsskóla og hófst kl. 16.35. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Kristjana Þórarinsdóttir, Ellen Calmon, Guðfinna Ármannsdóttir, Hildur Guðbjörnsdóttir, Olga Ellen Þorsteinsdóttir og Egill Þór Jónsson. Fundinn sat einnig Ragnar Harðarson. Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 20.febrúar 2024, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 17. janúar 2024 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vallár á Kjalarnesi. USK23010259

Íbúaráð Kjalarness leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráðið vill koma á framfæri kröfu íbúa að farið sé eftir stífustu kröfum um eftirlit þannig að rekstraraðilar notist við nýjustu tækni í mengunarvörnum. Þá vill ráðið einnig koma á framfæri vöntun á heildaráætlun varðandi þaueldi á Kjalarnesi.

2. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 2. apríl 2024, um framlengdan umsagnarfrest um breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 – skotæfingasvæðið á Álfsnesi. USK23030130
3. Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034

Fundi slitið kl. 16.51

Kristjana Þórarinsdóttir

Ellen Calmon
Egill Þór Jónsson
Guðfinna Ármannsdóttir

Hildur Guðbjörnsdóttir
Olga Ellen Þorsteinsdóttir